

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 35/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

(Jón H. Snorrason)

gegn

Pórhalli Ölveri Gunnlaugssyni

(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1995, sem barst réttinum 1. febrúar sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar sl. um, að varnaraðili sæti farbanni allt til miðvikudagsins 29. mars 1995. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómum Hæstaréttar frá 26. september sl. í málinu nr. 399/1994, 11. nóvember sl. í málinu nr. 447/1994 og 5. janúar sl. í málinu nr. 2/1995 hefur varnaraðila verið gert að sæta farbanni, síðast allt til þriðjudagsins 31. janúar sl., vegna rannsóknar á ætluðum stórfelldum brotum á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tengdum rekstri einkafyrirtækis hans og fyrirtækinu Vatnsberanum hf., en varnaraðili er annar tveggja stjórnarmanna þess.

Sóknaraðili hefur gert grein fyrir því, að rannsókn málsins sé nú lokið, en embætti ríkissaksóknara hafi falið honum að krefjast frekara farbanns til að tryggja, að varnaraðili komi sér ekki undan málsókn með því að fara af landi brott, áður en meðferð málsins verði lokið. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ákæra ríkissaksóknara frá 1. febrúar sl., þar sem varnaraðili er ákærður fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 1. tl. 151. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Með vísan til framanritaðs svo og umfangs málsins má fallast á, að fullnægt sé skilyrðum 110. gr. laga nr. 19/1991 fyrir að framlengja enn að nýju farbann á varnaraðila. Samkvæmt því verður að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.
